

# VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar – Janúar 2018

## Skráð atvinnuleysi var 2,4% í janúar

Skráð atvinnuleysi í janúar var 2,4% og jókst um 0,2 prósentustig frá desember. Að meðaltali fækkaði um 980 á skrá í janúar í ár frá janúar í fyrra (2017), en þá mældist skráð atvinnuleysi 3,0%. Þess ber að geta að vegna verkfalls sjómanna í fyrra var atvinnuleysi mikið á sama tíma í fyrra.

Atvinnuleysi jókst í öllum landshlutum. Atvinnuleysið jókst hlutfallslega mest á Norðurlandi vestra og Suðurlandi eða um 0,4 prósentustig en minnst á Vestfjörðum eða um 0,1 prósentustig. Atvinnuleysi jókst um 0,2 prósentustig meðal karla og kvenna og var 2,3% meðal karla og 2,5% meðal kvenna.

Greiddar voru 913 milljónir í atvinnuleysistryggingar í janúar, 826 vegna hefðbundinna atvinnuleysistrygginga, 59 vegna tekjutengdra trygginga og 28 vegna barnadagpeninga.

Í janúar voru gefin út 21 slík vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnu-

leit til Póllands eða 11 einstaklingar, þrír fóru til Danmerkur en færri til annarra ríkja.

Alls fóru 764 einstaklingar af skrá í janúarmánuði, þar af 417 í vinnu eða um 55% og 27% að auki staðfestu ekki atvinnuleit og fóru flestir þeirra líka í vinnu að öllum líkindum.


Alls voru 1.306 erlendir ríkisborgarar án atvinnu í lok janúar eða um 28% allra atvinnulausra. Flestir þeirra komu frá Póllandi eða 752.

Alls voru 62 einstaklingar í starfstengdum vinnu- markaðsúrreðum í janúar, 32 karlar og 30 konur.

Í janúar gaf Vinnumálastofnun út 133 atvinnuleyfi til útlendinga til að starfa hér á landi. Eru það 8 færri útgefin atvinnuleyfi en í janúar 2017. Er það í fyrsta sinn í 4 ár að ekki er aukning á útgefnum atvinnuleyfum í janúar samanborið við janúar árið undan.

Í janúar 2018 störfuðu samtals 24 starfsmannaleigur á íslenskum vinnu- markaði með samtals 1.398 starfsmenn samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar. Fjöldi útsendra starfsmanna á vegum erlendra fyrirtækja var samtals 405 í janúar.

Skráð atvinnuleysi frá jan. 2016 til jan. 2018



## Greining atvinnuleysis

# Atvinnuleysi í janúar og horfur til næstu mánaða

Skráð atvinnuleysi í janúar mældist eins og fyrr segir 2,4% og voru að jafnaði 4.220 einstaklingar á skrá í mánuðinum. Að meðaltali fjölgaði atvinnulausum um 304 á atvinnuleysissskrá frá desember. Hins vegar voru nú 980 færri á atvinnuleysissskrá en í lok janúar 2017, en það skýrist af verkfalli sjómanna í fyrra.

## Búseta atvinnulausra, kyn og aldur

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í janúar eða 3,1% og 2,8% á Norðurlandi eystra.

Alls voru 2.222 karlar að jafnaði atvinnulausir í janúar og 1.998 konur og var atvinnuleysi 2,3% meðal karla og 2,5% meðal kvenna. Atvinnuleysi minnkar milli ára hjá konum og er nú 0,9 prósentustigi lægra en í janúar 2017. Atvinnuleysi minnkar um 0,4 prósentustig meðal karla frá janúar 2017.

**GREIÐSLUSTOFA  
GREIDDI  
913 milljónir**

**í janúar**

**Par af voru:**

**826 milljónir** vegna hefðbundinna atvinnuleysistrygginga.

**28 milljónir** vegna barnadagpeninga.


**59 milljónir** vegna tekjutengdra atvinnuleysistrygginga.

Alls voru 593 einstaklingar á aldrinum 18-24 ára atvinnulausir í lok janúar í ár sem samsvarar um 2,2% atvinnuleysi. Atvinnulausum ungmönnum hefur fækkað frá janúar 2017 þegar fjöldi atvinnulausra á þessu aldursbili var 773.

## Lengd atvinnuleysis

Alls höfðu 911 verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok janúar en voru 915 í janúarlok 2017. Hefur þeim því fækkað um fjóra milli ára. Hlutfall langtímaatvinnulausra hefur hækkað úr 15,8% í janúar 2017 í 19,5% í janúar 2018.

Atvinnuleysi eftir landshlutum



## Atvinnugreinar og starfsstéttir

Mikil fækkun varð í hópi þeirra sem starfa við sjávarútveg, sem starfar af þeim mikla fjölda fiskvinnslufólks sem var atvinnulaus í janúar 2017 vegna verkfalls sjómanna sem þá stóð yfir. Þá hefur orðið mikil fækkun milli ára í upplýsinga- og fjarskipta-geiranum og í fjármála- og tryggingastarfsemi.


Árstíðabundin fjölgun atvinnulausra var í mannvirkja-gerð sem og í gistiþjónustu og veitingastarsemi.

Breytingar á fjölda atvinnulausra eftir starfsstéttum endurspeglu þá stöðu sem var uppi fyrir ári þegar verkfall sjómanna stóð yfir. Þannig hefur fækkað mikið í hópi sérhæfðs iðnverkafólks og verkafólks, auk sjómanna, en litlar breytingar að öðru leyti frá janúar 2017. Nokkur fjölgun hefur þó orðið meðal atvinnulausra úr hópi stjórnenda, skrifstofufólks og fólks sem starfar við ýmis þjónustustörf, en lítilsháttar fækkun meðal sérfræðinga og fólks í sölu- og afgreiðslustörfum.

### Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar

Alls voru 1.306 erlendir ríkisborgarar án atvinnu í lok janúar eða um 28% allra atvinnulausra. Þessi fjöldi samsvarar um 5,0% atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara. Flestir erlendir ríkisborgarar á atvinnuleysissskrá komu frá Póllandi eða 752, sem er um 58% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara skipt eftir þjóðerni



### Horfur til næstu mánaða

Atvinnuleysi nær yfirleitt hámarki í janúar og febrúar þegar atvinnuleysi eykst í ýmsum atvinnugreinum þar sem áhrifa árstíðarsveiflu gættir eins og t.d. í mannvirkjagerð, verslun og flutningum. Gera má ráð fyrir að skráð atvinnuleysi í febrúar verði svipað og í janúar eða á bilinu 2,3-2,5% en taki að lækka frá og með mars.


### Þjónusta við atvinnuleitendur

## Vinnumiðlun, ráðgjöf og þjónusta við einstaka hópa

### Atvinnuleitendur sem fóru af skrá

Alls fóru 764 einstaklingar af skrá í janúarmánuði, þar af 417 í vinnu eða um 55%. Þá voru 203 (27%) einstaklingar sem staðfestu einfaldlega ekki atvinnuleit í lok janúar eða mættu ekki í boðað úrræði eða viðtal og voru því afskráðir. Gera má ráð fyrir að stór hluti þeirra hafi farið í vinnu. Þá voru 21 (3%) sem fóru af skrá vegna þess að þeir voru óvinnufærir og fóru einhverjir þeirra í starfsendurhæfingu eða önnur endurhæfingarúrræði. Ýmsar aðrar ástæður eru fyrir afskráningu þeirra sem eftir standa, 25 fóru í fæðingarorlof og jafn margir í nám, 10 fluttu úr landi og 6 höfðu fullnýtt bótarétt sinn.

Ástæður þess að fólk fór af atvinnuleysissskrá í janúar



Karlar voru 51% þeirra sem afskráðust í janúar, en ekki var umtalsverður munur á afskráningarástæðum eftir kyni. Þó voru ívið fleiri karlmenn sem afskráðust vegna þess að þeir staðfestu ekki atvinnuleit eða 64%. Um 80% afskráðra, eða 615 manns, höfðu verið atvinnulausir í innan við hálf ári og 12% (91 manns) í 6 til 12 mánuði. Um 8% (58 manns) höfðu verið atvinnulausir lengur en eitt ár. Stærstur hluti afskráðra var ungt fólk á aldrinum 18-29 ára (35%) og svo fólk á aldrinum 30-39 ára (28%).

Margir þeirra sem fóru í starf nýttu sér þjónustu vinnumiðlunar Vinnumálastofnunar við atvinnuleitina. Sumum var miðlað beint í starf af atvinnuráðgjafa, aðrir fengu ráðgjöf og urðu sér út um starf á eigin spýtur og enn aðrir voru einungis skráðir atvinnulausir og fundu sér starf án nokkurrar aðstoðar.

### Auglýst störf í vinnumiðlun í janúar

Alls komu inn 122 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í janúarmánuði. Um nokkuð fjölbreytt störf var að ræða en mest þó almenn þjónustustörf eða 31. Þá voru auglýst 28 störf sérfræðinga eða sérhæfðra starfsmanna af ýmsu tagi, s.s. störf lögfræðinga og bókara. Einnig voru auglýst 21 starf verkafólks í iðnaði, landbúnaði og fleiru. Tæplega helmingur þessara starfa voru á höfuðborgarsvæðinu, eða 48%. Um 15% á Norðurlandi eystra og 13% á Suðurnesjum, 24% voru annarsstaðar á landinu.

Auglýst störf eftir starfsstétt	Fjöldi	Hlutfall
Stjórnunar- /sérfræði- /skrifstofustörf	28	23%
Þjónustustörf	31	25%
Afgreiðslustörf	7	6%
Iðnaðarmenn	17	14%
Bílstjórar og vélafólk	6	5%
Verkafólk í þjónustu	12	10%
Verkafólk í iðnaði, landbúnaði ofl.	21	17%
<b>Samtals</b>	<b>122</b>	<b>100%</b>

### Þátttaka í vinnumarkaðsúræðum

Alls voru 62 einstaklingar í starfstengdum vinnumarkaðsúræðum í janúar, 32 karlar og 30 konur. Af þessum 62 voru 40 í starfsþjálfun í fyrirtækjum, 10 sinntu frumkvöðlastarfi innan fyrirtækja eða stofnana og 12 voru í Fjölsmiðjunni eða í skyldum úrræðum.


Einn hluti vinnumarkaðsaðgerða er að bjóða atvinnuleitendum upp á fundi, viðtöl, námskeið, námsleiðir, endurhæfingu og önnur úrræði sem eru til þess fallin að styrkja stöðu atvinnuleitandans í atvinnuleit sinni. Í janúar tóku 707 einstaklingur þátt í slíkum úrræðum.

Af þessum 707 voru 218 í ýmis konar grunnúræðum, en grunnúræði eru stutt úrræði sem standa öllum atvinnuleitendum til boða. Þar má nefna starfsleitar-námskeið, ferilskrárgerð, markmiðasetningu og sjálfs-

styrkingu. Þá voru 335 manns á ýmis konar námskeiðum, í flestum tilvikum var þar um að ræða íslensku-námskeið fyrir útlendinga, en einnig ýmis starfstengd námskeið, tölvunámskeið og bókhaldsnámskeið. Þá voru 93 einstaklingar skráðir í nám á framhalds- eða háskólastigi í janúar.

Atvinnuleitendur hafa haft möguleika á að vinna að þróun eigin viðskiptahugmynda með aðstoð ráðgjafar og handleiðslu til þess að skapa sér starf til framtíðar. Í janúar unnu 30 einstaklingar að slíkri hugmynd, 17 karlar og 13 konur. Þá var 31 einstaklingur í atvinnutengdri endurhæfingu, í vinnustaðanámi og eða öðrum atvinnutengdum verkefnum.

Þátttaka í námskeiðum og úrræðum í janúar




### Atvinnuleit og flutningur atvinnuleysis-tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja

Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis í allt að þrjú mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum, fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í janúar voru gefin út 21 slík vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 11 einstaklingar, 3 fóru til Danmerkur en færri til annarra ríkja.

Einstaklingar sem hafa unnið á Íslandi hafa einnig þann möguleika að óska eftir staðfestingu á atvinnuleysis-

Útflutt réttindi í atvinnuleysistryggingakerfinu eftir löndum, janúar 2018



tryggingu sinni með það að markmiði að flytja hana til annars EES-ríkis. Í slíkum tilvikum sækja þeir um U1 vottorð. Í janúar voru gefin út 159 U1 vottorð og líkt og undanfarna mánuði voru flest vottorðin gefin út til Póllands (89) og Tékklands (22), en mun færri vottorð til annarra landa.

### Útlendingar

## Útlendingar á íslenskum vinnumarkaði

### Samdráttur í útgáfu atvinnuleyfa í upphafi árs í fyrsta sinn í fjögur ár

Í janúar gaf Vinnumálastofnun út 133 atvinnuleyfi til útlendinga til að starfa hér á landi. Eru það átta færri útgefin atvinnuleyfi en í janúar 2017. Er það í fyrsta sinn í fjögur ár sem það er ekki aukning á útgefnum atvinnuleyfum í janúar samanborið við janúar árið á undan. Af útgefnum leyfum í janúar voru 35 til nýrra útlendinga á íslenskum vinnumarkaði, 62 framlengd leyfi, tíu á grundvelli þjónustusamnings og 26 leyfi til námsmanna.

Af 35 nýjum atvinnuleyfum sem gefin voru út í janúar voru flest til íþróttamanna eða níu. Hins vegar var

stærsta einstaka tegundin af atvinnuleyfi sem gefin var út framlengd sérfræðingsleyfi. Þau voru 35 af 62 framlengdum leyfum. Sá fjöldi er í takti við þá aukningu sem varð á útgefnum atvinnuleyfum vegna starfa sem krefjast sérfræðipækningar á árinu 2017.


Enn fremur vekur athygli að í janúar á þessu ári voru gefin út átta ný atvinnuleyfi á grundvelli þjónustusamnings og tvö á grundvelli samstarfssamnings um kennslu-, fræða- og vísindastörf. Allt árið 2017 voru gefin út 20 atvinnuleyfi á grundvelli þjónustusamnings eða samstarfssamnings um kennslu-, fræða- og vísindastörf, 12 ný slík leyfi og átta framlengingar. Er því um umtalsverða aukningu að ræða nú í upphafi árs.

### Fjöldun útsendra starfsmanna og starfsmanna starfsmannaleiga milli ára

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru samtals 51 erlend fyrirtæki starfandi í janúar 2018 með samtals 368 starfsmenn. Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra sem erlendra, samtals 1.398 í janúar á vegum 24 starfsmannaleiga. Starfsmönnum starfsmannaleiga hefur fækkað töluvert á milli mánaða eða um 363 frá því í desember 2017.


Frá árinu 2015 hefur orðið mikil aukning á fjölda starfsmanna erlendra þjónustufyrirtækja og starfsmanna starfsmannaleiga. Eins og áður var nefnt störfuðu samtals 368 starfsmenn fyrir erlend þjónustufyrirtæki í janúar 2018. Starfsmenn á vegum þessara fyrirtækja hafa aldrei verið fleiri í þessum fyrsta mánuði ársins en nú, líkt og meðfylgjandi súlurit sýnir.

Útsendir starfsmenn í janúar 2015 - 2018



Hið sama er að segja um fjölda starfsmanna á vegum starfsmannaleiga, innlendra sem erlendra, líkt og meðfylgjandi súlurit sýnir.

Starfsmenn starfsmannaleiga í  
janúar 2015 - 2018



Af þeim 24 starfsmannaleigum sem voru starfandi á Íslandi í janúar voru 18 innlendar og 6 erlendar. Innlendu starfsmannaleigurnar höfðu 1.361 starfsmann á sínum vegum en hinar erlendu 37 starfsmenn. Starfsmenn starfsmannaleiga starfa því að miklum meirihluta hjá innlendum starfsmannaleigum líkt og síðustu mánuði. Þeir starfsmenn sem starfa hjá erlendum starfsmannaleigum teljast vera útsendir

starfsmenn (e. posted workers), líkt og þeir starfsmenn sem starfa hjá erlendum þjónustufyrirtækjum. Í janúar störfuðu því samtals 405 útsendir starfsmenn á íslenskum vinnumarkaði.

## Skýrsla um útlendinga á íslenskum vinnumarkaði

Í janúarmánuði gaf Vinnumálastofnun út skýrslu um erlenda ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði á árunum 2012-2017.

Í skýrslunni er lagt mat á fjölda útlendinga á íslenskum vinnumarkaði, atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara og reynt að spá fyrir um þróunina næstu 1-2 árin hvað varðar fjölda útlendinga á vinnumarkaði og atvinnuleysi.

Þá er í skýrslunni yfirlit yfir útgefin atvinnuleyfi á árunum 2012-2017 eftir mismunandi flokkum atvinnuleyfa og má sjá umtalsverða fjölgun útgefina leyfa vegna sérfræðiþekkingar, skorts á starfsfólki og námsmannaleyfa síðustu ár. Einnig er yfirlit yfir synjanir umsókna um atvinnuleyfi, en þeim hefur einnig fjölgað umtalsvert síðustu ár.

Þá er í skýrslunni yfirlit yfir fjölda starfsmanna á vegum starfsmannaleiga og fjölda útsendra starfsmanna sem einnig hefur fjölgað mikið síðustu ár.

Skýrsluna er að finna á heimasíðu Vinnumálastofnunar – bein slóð á skýrsluna er:

<https://vinnumalastofnun.is/media/2003/erlendir-rikisborgarar-2012-2017-endanlegt.pdf>

## ÁBYRGÐARSJÓÐUR LAUNA GREIDDI 63 launamönnum

vangoldin laun vegna gjaldþrota  
fyrirtækja í janúar

### Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

**Mælaborðið** sýnir atvinnuleysistölur út frá ýmsum þáttum 2 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.

**Excelskjöl** með tölulegum upplýsingum yfir lengri tímabil, ítarlega niður brotið eftir bakgrunnspáttum.

**Pdf skjöl** fylgja mánaðarskýrslu og auðvelt er að prenta út. Þar er að finna samanburð við fyrri mánuð og sama mánuð fyrir ári síðan, brotið niður m.a. eftir kyni og aldri.